

Minnisblað

Dagsetning: 20.12.2024

Viðtakandi: Guðný Vala Þorsteinsdóttir, Náttúrufræðistofnun

Sendandi: Sigprúður Stella Jóhannsdóttir, Náttúrustofa Norðausturlands

Efni: Vöktun náttúruverndarsvæða 2024. Verkefni – Jökulsárgljúfur í Vatnajökulspjóðgarði. Ágengar og framandi tegundir.

Í stjórnunar- og verndaráætlun Vatnajökulspjóðgarðs er markmið um að vernda náttúrulegt gróðurfar og líffræðilega fjölbreytni innan Vatnajökulspjóðgarðs. Þar eru settir fram skilmálar um að eyða eða halda í skefjum framandi tegundum, eins og alaskalúpínu, sem taldar eru geta spilt náttúrulegu gróðurfari og/eða líffræðilegri fjölbreytni. Þar er jafnframt lagt til að vaxtarstaðir og útbreiðsla framandi tegunda innan þjóðgarðsins skuli kortlögð og á grunni þeirrar vinnu sett fram markmið um hvaða tegundum skuli eytt og hverjum haldið í skefjum. Í framhaldinu verði svæðisbundnar aðgerðaáætlanir unnar sem kveða nánar á um til hvaða aðgerða skuli gripið innan hvers svæðis¹.

Framkvæmd 2024

Sumarið 2024 var nánasta umhverfi Dettifossvegar innan Vatnajökulspjóðgarðs í Jökulsárgljúfrum, skoðað m.t.t. framandi plöntutegunda. Leitað var í nánasta umhverfi við vegi, bílastæði og áningastaði hjá Dettifossi, Hólmatungum, Miðdegishæð, Hljóðaklettum og Langavatnshöfða. Síðastliðin ár hafa átt sér stað miklar framkvæmdir við vegi og bílastæði á svæðinu með tilheyrandi raski á gróðri. Svæðið er því viðkvæmt gagnvart innflutningi tegunda. Fundarstaðir ágengra og framandi tegunda voru hnitsettir. Vettvangsvinna fór fram 5. september 2024.

Svæðið við Ásbyrgi og Ástjörn, meðfram þjóðvegi frá Jökulsárbrú og vestur að Dettifossvegi sem og svæðið í kringum Ásbyrgisveg var síðast kortlagt m.t.t. alaskalúpínu (*Lupinus nootkatensis*) sumarið 2021 (sjá minnisblað 2020 og 2021). Þar vinnur þjóðgarðurinn að því að hefta útbreiðslu alaskalúpínu.

Úrvinnsla

Fundarstaðir við Dettifossveg voru settir inn í landfræðilega upplýsingakerfið QGIS og útbúnar myndir sem sýna staðsetningu plantnanna.


Niðurstöður og umræður

Á Dettifossvegi frá þjóðvegi 85 að Vesturdal sást alaskalúpína á nokkrum stöðum meðfram veginum og voru fundarstaðir hennar fleiri árið 2024 heldur en 2023 (sjá minnisblað 2023 og 1. mynd).

Engin alaskalúpína fannst innan þjóðgarðsins meðfram Dettifossvegi og við bílastæði en skammt sunnan þjóðgarðsins eru breiður af alaskalúpínu beggja vegna Dettifossvegar auk stakra plantna út frá annarri breiðunni. Breiðurnar höfðu verið slegnar í sumar en mikið sást af nýjum plöntum eftir sumarið sem var blautt og fremur hagstætt alaskalúpínu (2. mynd).

Innan þjóðgarðs, skammt frá afleggjara að Hólmatungum fundust sumarið 2023 (sjá minnisblað 2023) tvær plöntur af alaskavíði (*Salix alaxensis*) í vegkanti Dettifossvegar og voru þær enn á sínum stað.

¹ Vatnajökulspjóðgarður 2022. Stjórnunar- og verndaráætlun Vatnajökulspjóðgarðs, náttúruvernd, útivist og byggðapróun. 3. útgáfa.



1. mynd. Útbreiðsla alaskalúpínu við Dettifossveg milli Vesturdals og Þjóðvegjar 85 árið 2024. Útbreiðsla meðfram Þjóðvegi 85 í kringum Ásbyrgi var ekki kortlögð það ár. Loftmyndagrunnur er fenginn af ESRI.



2. mynd. Breiða af alaskalúpínu við Dettifossveg, skammt sunnan Þjóðgarðs, var slegin sumarið 2024 en mikið af nýjum plöntum sást í kringum hið slegna svæði.

Í minnisblaði 2023 var rætt um sjálfsáningu barrtrjáa í Ásbyrgi, einkum lerkis og stafafuru og nauðsyn þess að unnið verði að þeim markmiðum og skilmálum sem sett eru fram í Stjórnunar- og verndaráætlun Vatnajökulsþjóðgarðs og ætlað er að vernda líffræðilega fjölbreytni birkiskógarins. Á 3. mynd má sjá sjálfsána lerkiplöntu á barmi Ásbyrgis en líklegt er að þær séu fleiri sem hafa náð að sá sér upp á barm Ásbyrgis.



3. mynd. Sjálfsáð lerkiplanta í barmi Ásbyrgis að austan, mynd tekin sumarið 2024.